

BJÖRN GARÐARSSON

UM NÝSKÖPUNAR- OG ÞRÓUNARSTYRKI FRÆÐSLUSJÓÐS

Stjórn Fræðslusjóðs skipar sérstaka úthlutunarnefnd sem hefur það hlutverk að: koma með tillögur að áhersluatriðum, fara yfir og meta umsóknir og gera tillögur til stjórnar um úthlutun.

Auglýst er eftir umsóknum í mars ár hvert. Gengið er frá úthlutun og samningum við styrkþega í lok maí. Verkefni sem hljóta styrk mega spanna tvö ár frá úthlutun. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fylgist með framvindu verkefnanna, að tíma-áætlun standist og við verklok að senda afurðir til formanns úthlutunarnefndar sem ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við forsendur umsóknar. En þessi atriði eru forsenda þess að styrkþegi fái fullnaðargreiðslu.

Árið 2017 voru eftirfarandi áherslur lagðar til grundvallar úthlutun:

- Raunfærnimat í atvinnulífinu sem byggist á hæfnigreiningu starfa.
- Þróun rafræns, gagnvirs námsefnis sem nýtist markhóp framhaldsfræðslu.

- Nýjungar í námi og kennslu í starfstengdri íslensku fyrir einstaklinga á vinnumarkaði, með erlent tungumál að móðurmáli.
- Samstarf fræðsluaðila og fyrirtækja/stofnana um aðferðir til virkrar þátttöku í símenntun á vinnustað. Rétt er að ítreka að þetta eru áherslur, en ekki forsenda úthlutunar.

Árið 2017 voru 31.500.00 kr. til úthlutunar. Alls bárust 28 umsóknir um styrki, samtals að upphæð 74.819.750 kr. Styrkir voru veittir til 15 verkefna, samtals 36.120.000 kr.

Eftirtaldir aðilar fengu úthlutun árið 2017:



Björn Garðarsson

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Rafiðnaðarskólinn ehf.	Þróun gagnvirs námsefnis í tæknigreinum	2.850.000
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	Fjarkinn – rafræn námskeið í ferðaþjónustu	2.220.000
Framvegis	Færniþróun á sviði framhaldsfræðslu	2.420.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Gæðamatúr og ferðaþjónusta	2.850.000
Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi	Starfstengd íslenska fyrir erlenda starfsmenn sem starfa á dvalar- og hjúkrunarheimilum	1.400.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Hæfnigreining og raunfærnimat iðnverkamanna þrep 1–3	1.970.000
Háskólafélag Suðurland	Ferðamálabró – rafrænt námsefni	2.320.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Starfsmenntun í fiski – hvenær sem er	2.850.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Raunfærnimat og starfsþróun í ferðaþjónustu	2.850.000
Þekkingarnet Þingeyinga	Virkjum vinnustaðinn; Fullorðinsfræðsla um samskiptamiðla	2.850.000
Rakel Sigurgeirsdóttir	Íslenskunáman	1.430.000
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	Grunnmenntun í ferðaþjónustu – starfagreiningar og raunfærnimat	2.850.000
Austurbrú	Rafrænt kennsluefni fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu	2.850.000
Mímir	Námskrá fyrir reynda hópferðabílstjóra við ferðaþjónustu	1.980.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Hæfnigreiningar og raunfærnimat starfsfólks íþróttamannvirkja	2.430.000